

Miðvikudaginn 9. júní 1993.

Nr. 230/1993. **Ákærvaldið**

gegn

X.

Kærumál. Kæruheimild. Ákæra. Öryggisgæsla. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. maí 1993, sem barst réttinum 2. júní. Kærð er frávísun Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí sl. á kröfu ákærvaldsins um, að ákærða verði látin sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. Af hálfu ákærvalds eru gerðar þær dómkröfur, að þessari niðurstöðu héraðsdómarans verði hrundið og dómaranum lýst rétt og skylt að taka kröfu ákærvalds um öryggisgæslu til meðferðar og dóms.

Verjandi ákærðu gerir þá kröfu, að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 28. maí 1993 standi óbreyttur og kærumáli ákærvaldsins um ógildingu hans verði vísað frá Hæstarétti. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Héraðsdómari komst að þeirri niðurstöðu, að ákærða hefði verið mjög miður sín af geðsjúkdómi, þegar hún framdi brot það, sem hún er ákærð fyrir, og að refsing væri ólíkleg til að bera árangur. Ákvað hann með vísan til 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að ákærðu skyldi ekki refsað. Í málflutningi fyrir héraðsdómi gerði sækjandi málsins þá varakröfu, að ákærða yrði látin sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. Héraðsdómari taldi, að skilja yrði 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 á þann veg, að kröfu um öryggisgæslu þyrfti að gera í ákæru, til þess að um hana mætti fjalla í dómsmáli. Vísaði hann kröfunni frá dómi og taldi ekki koma til álita, hvort efnisskilyrði væru til þess að fallast á hana.

Samkvæmt framansögðu hafnaði héraðsdómari umræddri kröfu ákærvaldsins og dæmdi efnisdóm í málinu. Verður álitæfni þetta ekki borið undir Hæstarétt með kæru, og ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Framangreindri kröfu ákærvaldsins er vísað frá Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí 1993.

Ár 1993, föstudaginn 28. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-299/1993: Ákærvaldið gegn X, sem tekið var til dóms 21. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. maí 1993, á hendur ákærðu, X, Reykjavík, [...], „fyrir brennu með því að hafa laust eftir miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 2. mars 1993 kveikt í pappakössum og rusli í stigagangi á jarðhæð fjölbýlishússins Bræðraborgarstígs 7 í Reykjavík, svo að af hlaust eldsvoði. Ákærða þykir með framangreindum hætti hafa stofnað lífi íbúa og gesta, er í húsinu voru, sex fullorðinna og fjögurra barna, í bersýnilegan lífsháska og auk þess valdið augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út frekar en orðið var, en hann uppgötvaðist fljótlega og var slökktur af slökkviliði Reykjavíkur, sem einnig bjargaði öllum, sem í húsinu voru, af svölum og út um glugga hússins.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar“.

— — —

Viðurlög.

Telja verður, að ákærða hafi verið mjög miður sín af geðsjúkdómi þeim, sem hún er haldin, þegar hún framdi brotið. Ber að fallast á þá skoðun Hannesar Péturssonar yfirlæknis, að refsing sé ólíkleg til þess að bera árangur, og ákveða með vísan til 16. gr. almennra hegningarlaga, að ákærðu skuli ekki refsað.

Í ákæru er ekki gerð krafa um, að ákærða verði látin sæta öðrum viðurlögum en refsingu. Í málflutningi gerði sækjandi málsins kröfu um það til vara, að hún yrði látin sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. Í 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 segir, að ekki megi dæma aðrar kröfur á hendur ákærðu en í ákæru greini. Er það í samhljóðan við það, sem áður sagði um þetta atriði í 118. gr. oml. nr. 74/1974. Ekki hefur reynt á það í dómsmáli, svo að kunnugt sé, eftir gildistöku hinna nýrri laga, hvort gera þurfi kröfu um öryggisgæslu eða aðrar skyldar ráðstafanir í ákæru, til þess að hún komi til álita í refsimáli, en þess þurfti ekki áður, sbr. t. d. Hrd. 1990, 991. Aftur á móti er á það að líta, að

í 116. gr. nógildandi laga um meðferð opinberra mála er ýtarlegar kveðið á um, hvaða kröfur beri að gera í ákæruskjali, en gert var í 115. gr. hinna eldri laga. Í d-lið 1. mgr. 116. gr. nógildandi laga er sérstaklega tekið fram, að í ákæru skuli ekki gera kröfu um greiðslu sakarkostnaðar, og er ekki getið annarra undantekninga. Þá er þess að geta, að í 2. mgr. greinarinnar segir, að þar skuli ótvírætt greina kröfur borgararéttarlegs eðlis. Er einnig á það að líta, að öryggisgæslu má að ýmsu leyti telja þungbærari en refsivist. Samrýmist það varla nýrri viðhorfum í réttarfari að dæma mann til þess að sæta svo þungbærum úrræðum, án þess að gerð sé um það krafa í ákæru. Verður að skilja lagagreinina svo, að kröfu um öryggisgæslu þurfi að gera í ákæru, til þess að um hana megi fjalla í dómsmáli. Er kröfu ákæruvaldsins um, að ákærða verði látin sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun, vísað frá dómi, og kemur því ekki til álita, hvort efnisskilyrði séu til þess að fallast á slíka kröfu.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns, 70.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, X, er ekki gerð refsing.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns, 70.000 krónur.
